Mánudaginn 21. janúar 1991.

Nr. 39/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1991, sem barst Hæstarétti 18. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ríkissaksóknari hefur lagt fram í Hæstarétti sakavottorð varnaraðila, dagsett 21. janúar 1991. Samkvæmt því hefur varnaraðili frá árinu 1979 sætt alls 16 refsidómum fyrir ýmis brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Frá febrúar 1988 hefur hann verið dæmdur í samtals 29 mánaða fangelsi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður um gæsluvarðhaldsvist varnaraðila, Sigurðar Hólm Sigurðssonar, á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. janúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 17. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni, kt. 010563-2849, töldum til lögheimilis að Goðheimum 18, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.

Aðfaranótt laugardagsins 12. þ.m. var brotist inn í íbúð Jóhanns Þóris Jóhannssonar að Austurgötu 3 í Hafnarfirði, þar sem stolið var ýmsum verðmætum, svo sem verðmætri ljósmyndavél, geislaspilara, seðlaveski og tékkhefti í eigu Jóhanns á ávísanareikning hans við Íslandsbanka. Við rannsókn málsins féll grunur á kærða um aðild hans að innbrotsþjófnaðinum. Leiddi það til þess, að um miðjan dag í gær var hann handtekinn.

Mánudaginn 14. þ.m. innleysti Ómar Aðalsteinsson tékka, að fjárhæð kr. 320.000, í útibúi Íslandsbanka við Hlemm hér í borg. Viðurkenndi kærði við skýrslutöku hjá RLR nú í morgun, að hann hefði brotist inn í fyrrnefnda íbúð í Hafnarfirði og stolið verðmætum þeim, er áður er að vikið. Kvaðst hann hafa fengið Ómar til þess að útfylla og selja í banka tékka úr heftinu, að fjárhæð kr. 320.000. Fyrir viðvikið hafi Ómar fengið kr. 20.000, sjálfur hafi hann fengið kr. 200.000 af andvirði tékkans, sem hann hafi eytt m.a. til kaupa á fíkniefnum, en afganginn, kr. 100.000, hafi Jónas James Ásmundsson fengið. RLR hefur enn ekki tekist að hafa uppi á Jónasi til að taka af honum skýrslu, og enn hefur ekki tekist að koma höndum yfir allt þýfið.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi sneri kærði hins vegar við blaðinu og kvað skýrslu sína hjá RLR í öllum atriðum ranga. Gaf hann þá skýringu á afturhvarfi frá framburði sínum hjá RLR, að hann hefði, er hann gaf skýrsluna þar, verið undir áhrifum lyfja, en auk þess hefði hann talið, að með því að viðurkenna verknaðina myndi hann verða látinn laus úr haldi.

Krafa RLR um gæsluvarðhald yfir kærða er byggð á 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Er í því sambandi vísað til þess, að með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 9. nóvember sl., hafi kærða verið gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 28. desember sl. Sá gæsluvarðhaldsúrskurður var reistur á sömu töluliðum tilvitnaðrar lagagreinar, en í því máli voru til rannsóknar sjö kærumál hjá RLR, er vörðuðu skjalafals og þjófnað kærða.

Eins og fram kemur í rannsóknargögnum málsins, sat kærði í fangelsi frá 14. desember 1989 til 5. júní sl. Brotaferill hans er samfelldur, og því verður að telja kærða vera síbrotamann. Þykir veruleg hætta á, að hann haldi áfram afbrotum, haldi hann óskertu frelsi. Þá þykir með hliðsjón af framburði kærða hér fyrir dómi verða að telja, að rannsókn máls þess, sem RLR hefur nú til meðferðar á hendur kærða og fleirum, sé enn á frumstigi.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, eins og hún er fram sett, en brot kærða geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.
